

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 3.

13. janúar 1975.

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar rafmagnsverðs.

Ráðuneytið hefur heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 9.3% hækkun á grunngjaldi raforku í smásölu eins og það var hinn 1. janúar þ. á. skv. þá gildandi gjaldskrá.

Iðnaðarráðuneytið, 13. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 4.

13. janúar 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 98 26. mars 1973, um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

3. gr. reglugerðarinnar nr. 202/1970 orðist svo:

Lán skv. a-lið 2. gr. þessarar reglugerðar skulu greidd lántakanda í peningum og koma til útborgunar í tvennu lagi í hlutfalli við byggingarstig húsnæðisins.

Veiting fyrrihluta lána miðast við fokheld hús. Eindagi fyrir skil á fokheldisvottorðum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Síðarihluti lána skal að jafnaði koma til greiðslu innan 6 mánaða frá greiðsludegi fyrrihluta láns, enda hafi íbúðin náð tilskildu mati, skv. virðingargerð matsmanna veðeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna.

Þegar virðing fer fram, skal lántakandi leggja fram það eintak teikninga af íbúðinni sem hann hefur fengið sent frá Húsnæðismálastofnuninni og skulu virðingarmenn gæta þess, að húsið sé byggt skv. þeirri teikningu.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Peir sem óska að fá lán skv. þessum kafla reglugerðarinnar, skulu sækja um ákveðna lánsfjárhæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn

lætur í té. Umsóknir skulu berast fyrir 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert og eigi síðar en 12 mánuðum eftir að kaupum er þinglýst. Lánveitingar fara að jafnaði fram fjórum sinnum á ári miðað við framangreinda eindaga.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkv. lögum nr. 30 12. maí 1970, sbr. lög nr. 72/1972 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

14. janúar 1975.

Nr. 5.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Vatnsveitu Akureyrar frá 9. mars 1972.

1. grein orðist svo:

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna. Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Akureyrar.

Nú er vatni frá vatnsveitunni veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

7. grein orðist svo:

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

8. grein orðist svo:

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleigan fyrir hvern mæli sem hér segir:

20 til 32 mm mælir	kr. 300.00
40 mm mælir	— 400.00
50 mm mælir	— 800.00
80 mm mælir	— 1 000.00
100 mm mælir	— 2 000.00

Mælaleiga breytist eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

9. grein orðist svo:

Skipavatnsskattur.

Greiðsla fyrir vatn sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn skal vera kr. 25.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 300.00. Þurfi að afgreiða vatn til skipa og báta utan venjulegs vinnutíma, greiðir kaupandi vatnssölumanni eftirvinnu- eða helgidagakaup. Greiðsla fyrir vatn til skipa breytist eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.